

Teteriny gegn Rússlandi

Dómur frá 30. júní 2005

Mál nr. 11931/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Fullnusta dóma. Hugtakið eign.

1. Málsatvik

Kærendur, Teterin og eiginkona hans Teterina, eru rússneskir ríkisborgarar, fæddir 1954 og 1955 og bæði fyrrverandi dómara. Með dómi frá 26. september 1994 var fallist á kröfu kæranda þess efnis að bæjaryfirvöld létu þeim í té íbúð, a.m.k. 65 fermetra stóra, og var hún hluti af starfskjörum þeirra sem dómara. Síðan kom í ljós að ekki var unnt að fullnægja dóminum þar sem bæjaryfirvöld höfðu ekki yfir að ráða neinum lausum íbúðum.

Arið 2002 leitaði Teterin aftur til dómstóla með kröfu um að bæjaryfirvöld yrðu dæmd til að greiða fjárhæð sem samsvaraði verði íbúðar sem hann átti rétt til. Í kjölfar þeirrar málshöfðunar buðu bæjaryfirvöld kærendum 25 fermetra, tveggja herbergja íbúð, þann 19. janúar 2004. Kærendur féllust ekki á boðið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu brest á því að fullnægja dómi brjóta gegn réttindum þeirra skv. 1. mgr. 6. gr. og eignarréttur þeirra skv. 1. gr. 1. viðauka hefði verið skertur.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að réttur skv. 1. mgr. 6. gr. væri lítils virði ef ríki gætu gert endanlega dóma innlendra dómstóla að engu með því að fullnægja þeim ekki. Líta yrði á framkvæmd dóms sem grundvallarþátt í þeirri réttlátu málsmeðferð sem tryggð væri með 1. mgr. 6. gr.

Dómstóllinn leit til þess að dómur innanlandsdómstóla hafði ekki enn komið til framkvæmda að fullu og að íbúðin sem boðin var kæranda fullnægði ekki skilyrðum dómsins. Með því að hafa ekki svo árum skipti gripið til nauðsynlegra aðgerða í því skyni að framfylgja dóminum höfðu rússnesk stjórnvöld í raun svipt ákvæði 1. mgr. 6. gr. áhrifum sínum. Taldi dómstóllinn því einróma að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr.

Um 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn tók fram að hugtakið eign í 1. gr. 1. viðauka hefði sjálfstæða þýðingu og væri ekki háð formlegum skilgreiningum innanlandsréttar aðildarríkjanna. Þá gætu önnur réttindi og hagsmunir en hlutbundin réttindi talist eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka. Rétturinn til félagslegrar þjónustu fellur ekki undir samninginn og rétturinn til að fá að búa í tiltekinni eign sem aðili hefur ekki eignarrétt yfir er ekki heldur talin eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka. Hins vegar falla benti dómstóllinn á að undir 1. gr. 1. viðauka falli eignir sem hafa fjárhagslegt gildi, svo sem skuldakröfur sem aðili getur sýnt fram á að hann hafi lögmætar væntingar til fái greiddar.

Dómstóllinn tók fram að innanlandsdómstóll hefði dæmt stjórnvöld til að veita kærendum rétt til afnota íbúðar sem fullnægði skilyrðum dómsins. Dómurinn fól ekki í sér að kæranda yrði veittur eignarréttur að tiltekinni íbúð, heldur nokkurs konar afnotaréttur. Á þeim grundvelli skyldi svo gerður svokallaður félagsleigusamningur milli þar til bærra stjórnvalda og kæranda. Samkvæmt skilmálum þessa samnings hefði kærandi öðlast yfirráð og notkunarrétt yfir íbúð og, undir tilteknum kringumstæðum, rétt til að öðlast eignarrétt yfir henni í samræmi við ákvæði laga um einkavæðingu húsa í eigu ríkisins. Frá því að dómur var kveðinn upp hafði kærandi þannig átt réttmætar væntingar til þess að fá afnot, og jafnvel eignarrétt, yfir eign sem hefur fjárhagslegt verðmæti. Með vísan til þessa taldi dómstóllinn nægilega sýnt fram á að krafa kæranda til félagsleigusamningsins fæli í sér eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka og að brotið hefði verið gegn rétti þeirra skv. 1. gr. 1. viðauka.

Dómstóllinn taldi rússneska ríkinu ennfremur skylt að tryggja framkvæmd réttar kæranda samkvæmt framangreindum dómi. Þá voru honum dæmdar 3.000 evrur í miskabætur á grundvelli 41. gr.